

Í febrúar 2006 var undirrituð viljayfirlýsing um að standa saman að uppbyggingu reiðhallar á félagssvæði Skugga. Ríkið styrkti verkefnið um 25 milljónir, Borgarbyggð lagði til 30 milljónir sem áttu að greiðast á 6 árum auk gatnagerðagjalda, hestamannafélögin Skuggi og Faxi ásamt hrossaræktarsambandi Vesturlands samtals 10 milljónir. Sótt var um styrk úr Hornsteini Sparisjóðs Mýrasýslu og fengust 15 milljónir þar.

Þann 09.mars 2010 var húsið svo formlega tekið í notkun og fékk nafnið Faxaborg.

Stofnuð voru tvö félög, **Vindás** eignarhaldsfélagið (eigendur Borgarbyggð, hestamannafélögin og hrossaræktarsambandið) Vindás á húsið og leigir það til hins félagsins **Selás** (eigendur Skuggi og Faxi, og svo Borgfirðingur frá 2018) **Selás** leigir húsið af **Vindási** og rekur það.

Þegar húsið er byggt fæst endurgreiddur virðisaukaskattur til eigandans **Vindáss** af framkvæmdinni. Vindás er þá bundið til 20 ára að vera í virðisaukaskattskyldum rekstri þ.e leigja húsið á að lágmarki 4,5 millj sem er ársleigan miðað við 2021.

Rekstur Selás hefur gengið upp og niður og síðustu ár hefur heldur sigið á ógæfuhliðina, félagið hefur ekki getað staðið skil á leigunni til Vindáss sem hefur orðið til þess að þar hefur safnast upp skuld. Vindás afskrifaði 19,3 mkr kröfu á Selás 2020 með samþykki Borgarbyggðar.

Ekki hefur verið gengið frá frekari niðurfellingum á skuldum Seláss sem Selás þarf að sækja um á þessu ári, fyrir liggur samt að sú krafa verði samþykkt og komi til framkvæmdar á þessu ári.

2020 -2021 voru erfið ár , 2021 gerði ríkisskattstjóraembættið athugasemdir við rekstur Seláss og tilkynnti að félagið uppfyllti ekki lengur kröfur um félög í virðisaukaskattskyldum rekstri. Þetta verður til þess að Selás mun hætta rekstri og Hmf Borgfirðingur tekur við rekstri Faxaborgar. Samningaviðræður Borgfirðings um yfirtöku á skyldum Seláss við Vindás eru á lokametrunum.

Á aðalfundi Borgfirðings í nóvember 2021 var samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að taka þátt í aukningu hlutfjár í Vindási ehf sem nemur áhvílandi virðisaukaskattskvöð á Vindási ehf að upphæð um 15 millj. Hluttur Borgfirðings verði hið minnsta 37,29% en að hámarki 41,99 %.

Hlutfjárahæðingun átti sér svo stað 31.12 2021 án þátttöku hrossaræktarsambandsins, heildarfjárhæðin var 14,8 millj og hluttur Borgfirðings 6,3 milljónir. Uppreiknuð reyndist kvöðin svo vera 13.770.000

Stjórn félagsins ákvað að taka 2 millj úr sjóðum félagsins og taka að láni hjá Arionbanka 4,5 milljónir til allt að 10 ára, stefnum á að greiða lánið mun hraðar eða á 4 árum. Stjórn félagsins óskar eftir að fá samþykki fundarins til að ganga frá láninu og veðsetningu félagsheimilis félagsins.